

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengun-arvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá 20. desember 2004.

Akureyri, 20. desember 2004.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akureyri árið 2005.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund á Akureyri sbr. c. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Akureyri nr. 360/2001 er kr. 8.500 á árinu 2005.

2. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur ekkert við gjaldskrána að athuga sbr. bréf dags. 20. desember 2004.

Akureyri, 20. desember 2004.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 229/2003 um Kvikmyndasjóð.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Fjárveitingar Kvikmyndasjóðs greinast milli einstakra greina kvikmyndagerðar sem hér segir:

- a. Til leikinna kvikmynda í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum.
- b. Til stuttmyndagerðar.
- c. Til heimildamyndagerðar.
- d. Til leikins sjónvarpsefnis.

Upplýsingar um styrki úr Kvikmyndasjóði og umsóknargögn skal birta á vefsíðu Kvikmyndamiðstöðvar. Kvikmyndamiðstöð skal senda umsækjanda staðfestingu um móttöku umsóknar og upplýsingar um málsmeðferð. Kvikmyndamiðstöð skal birta ráðstafanir á öllum fjárveitingum sínum jafnóðum á vefsíðu sinni.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar er ábyrgur fyrir því að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði, að fengnu skriflegu listrænu mati kvikmyndaráðgjafa sbr. 3. gr.

Afgreiðsla á umsóknum úr Kvikmyndasjóði getur orðið með eftirfarandi hætti:

- a. Umsókn er synjað um styrkveitingu.
- b. Umsókn er veittur forgangur til styrkveitingar.
- c. Umsókn hlýtur styrk eða vilyrði um styrkveitingu.

Óheimilt er að veita styrki til kvikmyndaverks eftir að aðaltökutímabil er hafið, sbr. þó eftirvinnslustyrki skv. 9. gr.

2. gr.

3. gr. orðast svo:

Listrænt mat á þeim styrkumsóknum sem Kvikmyndmiðstöð berast er í höndum kvikmyndaráðgjafa sem ráðnir eru tímabundið af forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar. Kvikmyndaráðgjafar skulu hafa þekkingu og reynslu á sviði kvikmynda og mega ekki hafa hagsmuna að gæta varðandi úthlutun eða gegna störfum utan Kvikmyndamiðstöðvar sem tengjast íslenskri kvikmyndagerð.

Kvikmyndaráðgjafar leggja listrænt mat á umsóknir og með hliðsjón af fjárhags- og framkvæmdaþáttum, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða leiknar kvikmyndir í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum, sbr. 3. tl. 1. mgr. 8. gr. eða vegna umsókna um kynningarstyrki.

Kvikmyndaráðgjafar fylgjast með því að framvinda verks sé í samræmi við ákvæði úthlutunarsamnings sbr. 4. gr. Kvikmyndaráðgjafar geta kallað eftir nánari gögnum og fundað með umsækjendum/styrkþegum eftir þörfum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 21. desember 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða,
með áorðnum breytingum sbr. reglur nr. 765/2002.**

1. gr.

Á eftir 36. gr. bætist ný grein sem verði 36. gr.a, svohljóðandi:

Í skýringum skal tilgreina heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs vegna starfa í þágu sjóðsins, enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar. Upplýsingarnar skulu sérgreindar á einstaka stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Með launum og þóknunum er auk beinna launa átt við hvers konar starfstengd hlunnindi svo sem bifreiða- og húsaleiguhlunnindi. Með störfum í þágu lífeyrissjóðs er m.a. átt við störf sem viðkomandi gegnir í krafti eignaraðildar lífeyrissjóðs að dóttur- eða hlutdeildarfélögum,